

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní 2007 í máli nr. S-316/2007:

Ákærvaldið

(Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir fulltrúi)

gegn

Jóni Trausta Lútherssýni og

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

Ingvari Búa Halldórssýni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 24. maí sl., er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 6. mars 2007 á hendur Jóni Trausta Lútherssýni, kt. [...], óstaðsettum í hús í Reykjavík, og Ingvari Búa Halldórssýni, kt. [...], Melbraut 45, Garði, fyrir líkamsárás, með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 9. ágúst 2006, að Hverfisgötu 85-87 í Reykjavík, í félagi ráðist á Ágúst Fannar Ágústsson, kt. [...] og margsinnis slegið hann hnefahöggum, sparkað í hann liggjandi, og misþyrmt honum með öðrum hætti, og ákærði Jón Trausti jafnframt slegið hann með billjardkjuða í andlitið og með öðrum bareflum í líkama Ágúst Fannar, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut miklar bólgur og mar víðs vegar um líkamann, var þrúttinn vinstra megin í andliti, með rauð yfirborðslæg sár á herðablaði hægra megin niður eftir allri hægri síðu hans og niður á mjaðmarsvæði vinstra megin, hann hlaut hrufll og mar á hægri olnboga og upphandlegg, áverka á vinstri öxl, yfirborðslæga áverka á brjóstakassa, bol og á útlimum og einnig að kvarnaðist upp úr tönn hægra megin í efri góm.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Hinn 28. mars sl. var sakamálið nr. 1952/2006 sameinað þessu máli en þar er ákærða Jóni Trausta Lútherssýni gefið að sök með ákæru útgefni af lögreglu stjóranum í Reykjavík 23. október 2006, umferðarlagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 6. september 2006 ekið bifhjólínu ZG-944 með 112 km hraða á klst.

um Sæbraut í Reykjavík, á vegarkafla að Súðarvogi, þar sem leyfður hámarkshraði var 60 km á klst.

Þetta er talið varða við 1., sbr. 3. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993.

Verjandi ákærða Jóns Trausta krefst þess að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði felldur á ríkissjóð.

Verjandi ákærða Ingvars Búa krefst þess aðallega að ákæru verði vísað frá dómi. Til vara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa og tildæmdra málsvarnarlauna.

Ákæra 6. mars 2007.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá miðvikudeginum 9. ágúst 2006 barst tilkynning til lögreglu þann dag kl. 23.08 um að fara að Hverfisgötu í Reykjavík við verslun 10/11 en tilkynnt hafði verið um alvarlega líkamsárás. Kom fram að árársaðilar væru á leið af vettvangi. Í tilkynningu var þess getið að þeir væru þrír saman, „rokkaralegir” og væri einn þeirra sköllóttur. Er lögregla kom á vettvang á móts við hús nr. 90 við Hverfisgötu hitti hún fyrir Ágúst Fannar Ágústsson. Í frumskýrslu kemur fram að Ágúst Fannar hafi verið þar á bifreiðastæði, ber að ofan og mjög æstur. Á vettvangi hafi verið um 30 ungmenni á aldrinum 13 til 17 ára. Hafi ungmennin verið mjög treg til að veita lögreglu upplýsingar um málsatvik. Hafi Ágúst Fannar hrópað til þeirra um að greina frá engu. Sjúkraflutningamenn hafi komið á vettvang, en Ágúst Fannar hafi afþakkað flutning með þeim. Sjáanlegir áverkar á Ágústi hafi verið að blætt hafi úr nefi hans og hafi andlit hans verið alblóðugt. Þá hafi hann verið talsvert bólginn undir vinstra auga. Hægra megin á baki hans hafi verið mikil bólga og mörg för á brjósti og baki. Hafi þau virst vera eftir barefli. Að auki hafi sjáanlegir áverkar verið á handleggjum og höndum. Í viðræðum við Ágúst Fannar á vettvangi hafi hann greint frá því að þrír menn hafi komið að sér og spurt sig hvort hann væri Fannar. Eftir að hafa svarað því játandi hafi þeir gengið í skrokk á Ágústi og hafi atlagan staðið í um 10 mínútur. Hafi þeir barið Ágúst Fannar með spýtu í höfuðið sem hafi brotnað við það. Þá hafi þeir lamið hann með skófluskafli sem þeir hafi komið með meðferðis. Einnig hafi þeir lamið Ágúst með jární sem þeir hafi fundið í húsinu. Þá hafi þeir sparkað í höfuð Ágúst og loks migið yfir hann. Ekki kvaðst Ágúst vilja gefa neitt upp um árársarmennina en kvað fyrrverandi kærustu sína hafa sent þá á sig. Kvaðst Ágúst vera húsnæðislaus en halda til í mannlausu húsi á móts við Hverfisgötu 90 en þar hafi verið ráðist á hann. Á vettvangi hafi einn aðili gefið sig fram og tjáð lögreglu að einn árársarmannanna hétu Ingvar. Kvaðst viðkomandi þekkja nefndan Ingvar. Ágúst var fús til að fara með lögreglumönnum á lögreglustöð. Í skýrslu lögreglu kemur fram að hann hafi þar tjáð lögreglu að persónulegir hlutir hafi sennilega ráðið því að ráðist hafi verið á hann. Tengdist það fyrrverandi kærustu hans, en þau ættu barn saman. Kærasti systur fyrrverandi kærustu Ágúst hétu

Ingvar. Fyrrverandi kærasta Ágústs hafi hringt fyrr um daginn og viljað hitta hann. Hafi Ágúst tjáð henni hvar hann byggi. Um klukkustundu síðar hafi árásarmennirnir birst hjá Ágústi.

Samkvæmt skýrslu lögreglu héldu þrír lögreglumenn austur Hverfisgötu. Við Klapparstíg sást til ferða þriggja dökklaedra manna vestur Hverfisgötu. Hafi þremmenningarnir virst hraða sér norður Frakkastíg. Héldu lögreglumenn þangað. Er þeir komu að þeim voru þremmenningarnir komnir að klúbbshúsi Fáfnis við Hverfisgötu 65. Hafi lýsing á árásarmönnum komið heim og saman við lýsingu þeirra. Menirnir voru Jón Trausti Lúthersson og Ingvar Búi Halldórsson, ákærðu í máli þessu, en með þeim var einnig Einar Þorsteinsson. Á vettvangi tóku lögreglu menn eftir blóði á fingri ákærða Jóns Trausta. Voru þremmenningarnir handteknir og fluttir á lögreglustöð. Fram kemur að blóð hafi sést á skóm Einar Þorsteinssonar. Lögregla hafi farið að húsnaðinu Hverfisgötu 85-87 til að rannsaka vettvang. Hafi tæknideild lögreglu annast rannsókn á vettvangi.

Tæknideild lögreglu hefur ritað skýrslu um tæknirannsókn vegna húsnaðisins Hverfisgata 85-87. Í þeirri skýrslu eru m.a. ljósmyndir af vettvangi. Fram kemur að húsnaðið hafi verið notað sem iðnaðarhúsnaði. Búið hafi verið að rýma húsnaðið nánast að öllu leyti. Við rannsókn á vettvangi hafi fundist blóðdropar á austurvegg vinnslusalar og á gólfi við austurvegg við dísilvél. Þar hafi fundist brotið skefti af billjardkjuða úr timbri, trélisti og vinkiljárn.

Ágúst Fannar mætti á lögreglustöð fimmtudaginn 10. ágúst 2006 og lagði þá fram kæru vegna líkamsárásar. Við það tilefni greindi hann svo frá atvikum að hann væri frá Akureyri en byggi „á götunni“ í Reykjavík. Hafi hann haldið til í niðurníddu húsi á mótum Barónsstígs og Hverfisgötu í Reykjavík. Hafi hann verið inni í því húsi ásamt fleira fólki er þrír menn hafi komið að og spurt eftir honum. Kvaðst Ágúst vita að einn þremmenningana hétu Jón Trausti. Hafi Jón Trausti spurt Ágúst hvort hann væri Fannar og Ágúst Fannar svarað því játandi. Við það hafi þremmenningarnir rekið alla út úr húsnaðinu. Er því hafi lokið hafi Jón Trausti spurt Ágúst eitthvað út í stúlku að nafni Magný. Í framhaldi hafi þeir byrjað að lemja Ágúst ítrekað. Hafi þeir allir þrír lamið Ágúst. Myndi Ágúst óljóst hvað þeir hafi sagt en eitthvað nefnt að láta Sonju í friði og að Ágúst ætti að „drulla sér“ úr borginni. Þeir hafi lamið Ágúst alls staðar í líkamann en þó aðallega andlit og bak. Þeir hafi kýlt Ágúst ítrekað með hnefum, sparkað í hann og lamið a.m.k. með þrem áhöldum. Þeir hafi brotið billjardkjuða á Ágústi, slegið hann með járnlista tvisvar sinnum, auk þess sem honum hafi fundist þeir slá hann með skófluskafti. Í lokin hafi einhver þeirra stigið ofan á höfuð Ágústs og sagt „mígum á hann“. Hafi Ágúst þá séð hvar Jón Trausti hafi migið yfir Ágúst. Ekki kvaðst Ágúst muna meir. Lögregla hafi komið skömmu síðar. Ágúst kvaðst ekki telja að það hafi verið nein bein vitni að árásinni en það hafi þó verið nokkuð af fólki þarna inni og vitni að því þegar þremmenningarnir hafi komið inn.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá 21. ágúst 2006 mætti Heidi Holm Pedersen á lögreglustöð þann dag í myndsakbendingu. Benti hún á mynd af ákærða Jóni Trausta sem mann sem „barði strákinn“, auk þess að benda á mynd af ákærða Ingvari Búa sem hafi verið með í því að „berja strákinn“.

Fimmtudaginn 7. september 2006 mætti Ágúst Fannar á lögreglustöð. Kvaðst hann kominn í þeim erindagjörðum að falla frá kæru á hendur ákærðu.

Kvað hann ástæðuna vera þá að ákærði Jón Trausti hafi beðið sig afsökunar á því sem gerst hafi og að það væri regla hjá Ágústi að fyrirgefa fólki sem bæði hann afsökunar. Kvaðst Ágúst ekki hafa sætt hótunum af hálfu ákærðu í því skyni að draga kærú til baka.

Guðjón Baldursson læknir hefur ritað læknisvottorð vegna komu Ágústs Fannars Ágústssonar á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss 10. ágúst 2006. Í vottorðið er fært eftir Ágústi að handrukkarar hafi komið að honum og veitt honum ýmsa áverka, m.a. lamið hann í bakið og kýlt hann í andlitið og notað ýmis áhöld til að veita honum áverka. Mennirnir hafi komið að undirlagi fyrrverandi kærustu Ágústs. Í vottorðinu kemur fram að Ágúst hafi verið með töluvert mikla bólgu og mar og verið mjög þrútin vinstra megin í andliti bæði yfir kinnbeini svo og kinnholu vinstra megin og yfir kjálka vinstra megin. Þá hafi kvarnast upp úr einni tönn í efri góm. Á baki séu mjög dreifð og rauð yfirborðslæg sár á herðablaði hægra megin á hægra axlarsvæði niður eftir allri hægri síðunni og niður á mjaðmarsvæði vinstra megin. Þá sé hrúfl og mar á hægri olnboga og upphandlegg. Þá séu yfirborðslægir áverkar á vinstri öxl. Allt séu þetta merki um klór eða eftir einhvers konar áhöld, trúlega spýtu eins og Ágúst segi að hafi verið notuð til þess að veita honum áverkana. Yfirborðslægir áverkar séu á brjóstkassa, bol, útlimum og í andliti. Engin merki séu um blæðingar og enginn grunur um brot. Í áliti kemur fram að áverkar geti komið vel heim og saman við sögu sjúklings um fólkskulega líkamsárás.

Tekin var skýrsla af ákærða Jóni Trausta hjá lögreglu fimmtudaginn 10. ágúst 2006. Kvaðst ákærði ekki hafa komið nálægt neinu ofbeldi. Ekki kvaðst hann þekkja Ágúst Fannar Ágústsson. Er undir ákærða var borin frásögn Ágústs Fannars í kæruskýrslu kvaðst ákærði ekki kannast við þá frásögn. Kvað hann allt rangt sem fram kæmi í skýrslunni. Ekki kvaðst ákærði kannast við að hafa verið á vettvangi að Hverfisgötu 85-87 að kvöldi miðvikudagsins 9. ágúst 2006. Ákærði kvaðst þekkja meðákærða. Hafi þeir félagar, ásamt Einari Þorsteinssyni, verið handteknir af lögreglu að kvöldi 9. ágúst 2006. Tekin var önnur skýrsla af ákærða hjá lögreglu síðar sama dag. Kvaðst ákærði þá í engu vilja breyta fyrri framburði sínum hjá lögreglu. Er undir ákærða var borin lýsing Einars Þorsteinssonar hjá lögreglu um að hann hafi verið samferða ákærðu að Hverfisgötu 85-87 og hvað fram hafi farið í húsnæðinu kvaðst ákærði eftir sem áður ekkert kannast við atburðina. Ákærði gaf á ný skýrslu hjá lögreglu föstudaginn 10. nóvember 2006. Kvaðst hann í engu vilja breyta fyrri framburði sínum. Var borinn undir hann framburður vitna hjá lögreglu, en þar hafði m.a. eitt þeirra tilgreint ákærða sem einn árásaðilanna. Kvað ákærði framburð vitna rangan að því marki sem þau benduðu hann við árásina. Kvað hann óskiljanlegt hvers vegna svo væri.

Fyrir dómi við aðalmeðferð málsins greindi ákærði svo frá að hann hafi ásamt meðákærða og Einari Þorsteinssyni farið að Hverfisgötu 85-87 umrætt sinn. Hafi meðákærði ætlað að ræða við mann mágkonu sinnar og beðið ákærða um að koma með sér. Hafi ákærði skilið það svo að umræddur maður hafi brotist inn á heimili tengdafaforeldra meðákærða. Á vettvangi hafi þeir hitt drenginn. Einhver átök hafi átt sér stað milli meðákærða og drengsins og kvað ákærði meðákærða hafa veitt drengnum eitt til tvö högg, auk þess sem hann gæti hafa sparkað í hann einu sinni. Ekki kvaðst ákærði hafa handleikið billjardkjuða eða einhver önnur barefli í húsnæðinu. Ekki kvaðst ákærði sjálfur hafa ráðist að Ágústi. Hafi hann einungis verið áhorfandi. Ekki kvaðst ákærði kannast við að hafa síðar beðið Ágúst

Fannar afsökunar á þessu framferði ákærðu. Ákærði kvaðst hafa greint frá atvikum hjá lögreglu á sínum tíma þannig að hann hafi ekki viljað kannast við atburðinn. Hafi hann ekki viljað varpa grun á sig eða aðra í tengslum við verknaðinn.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða Ingvari Búa fimmtudaginn 10. ágúst 2006. Kvaðst ákærði þá ekkert kannast við líkamsárás er Ágúst Fannar Ágústsson hefði orðið fyrir í húsnæði við Hverfisgötu 85-87 kvöldið áður. Kvaðst ákærði ekki kannast við neinn með nafninu Ágúst Fannar Ágústsson. Er undir ákærða var borinn framburður Ágúst Fannars í kæruskýrslu þar sem hann greinir frá atburðum og nefnir einn árársmannanna Jón Trausta kvaðst ákærði ekkert vita um málið. Kvaðst ákærði kannast við að hafa verið með meðákærða þetta kvöld og Einari Þorsteinssyni. Hafi þeir verið handteknir af lögreglu. Undir ákærða var borinn framburður Einars Þorsteinssonar hjá lögreglu þar sem hann gerir grein fyrir ferð sinni og ákærðu að Hverfisgötu. Kvaðst ákærði eftir sem áður ekkert vita um atburðinn. Ákærði gaf á ný skýrslu hjá lögreglu þriðjudaginn 7. nóvember 2006. Kvaðst hann í upphafi engu vilja breyta í fyrri framburði sínum hjá lögreglu. Var borinn undir hann framburður vitna hjá lögreglu, m.a. að vitni hafi í myndsakbendingu bent á ákærða sem einn árársmannanna. Ákærði kvað það rangt að hann hafi verið á staðnum umrætt sinn.

Fyrir dómi við aðalmeðferð málsins greindi ákærði svo frá að hann hafi, ásamt meðákærða og Einari Þorsteinssyni, farið að Hverfisgötu 85-87 umrætt sinn til að hafa tal af Ágústi Fannari Ágústssyni. Hafi ákærði átt sökótt við Ágúst Fannar því Ágúst hafi brotist inn hjá tengdaforeldrum ákærða. Kvaðst ákærði hafa vitað að Ágúst héldi til í húsnæðinu að Hverfisgötu. Hafi hann beðið meðákærða um að koma með sér ef ákærði þyrfti liðsauka. Ekki hafi Einar Þorsteinsson tekið þátt í verknaðinum heldur haft gætur á hurð inn í húsnæðið. Kvaðst ákærði hafa tekið í Ágúst Fannar þetta kvöld. Hafi hann bæði slegið hann þrisvar til fjórum sinnum og sparkað í hann tvisvar sinnum eða í mesta lagi þrisvar sinnum. Þá gæti ákærði hafa hent honum upp að vegg. Ekki kvaðst ákærði kannast við að hafa lamið hann með billjardkjuða eða öðrum áhöldum. Atlagan hafi staðið í 5 til 10 mínútur. Hafi Ágúst Fannar fallið í jörðina við atlöguna og ákærði sparkað í hann liggjandi. Talsvert af ungmennum hafi verið í húsnæðinu er ákærðu hafi komið að. Hafi öll ungmennin verið rekin út áður en ákærði hafi lamið Ágúst Fannar. Ágúst Fannar hafi staðið í fæturna er ákærðu hafi yfirgefið húsnæðið. Meðákærði hafi engan þátt átt í árásinni. Þá kvað ákærði rangt að einhver hafi kastað þvagi yfir Ágúst Fannar. Ákærði kvaðst ekki vita nákvæmlega hvar högg hans og spörk hafi hafnað í Ágústi Fannari. Hann hafi sparkað í bók hans en ekki andlit. Gætu ekki allir áverkar í áverkavottorði verið af völdum ákærða. Ákærði kvaðst hafa verið í „þrætugír“ er hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Skýri það framburð hans þar.

Fyrir dómi greindi Ágúst Fannar Ágústsson svo frá að hann hafi umrætt sinn verið með ungmennum að Hverfisgötu 85-87. Þau hafi verið að skemmta sér, en á þessum tíma hafi Ágúst búið á götunni. Hafi hann verið búinn að vera í húsnæðinu að Hverfisgötu í um 3 vikur er þar var komið. Ákærðu hafi þetta kvöld, í félagi við þriðja mann, komið inn í húsnæðið og spurt Ágúst hvort hann væri Ágúst Fannar. Hafi Ágúst svarað því játandi. Í framhaldi hafi þeir félagar rekið alla út úr húsnæðinu. Síðan hafi ákærði Ingvar Búi slegið Ágúst tvö til þrjú hnefahögg í andlitið og sparkað í hann tvö til þrjú spörk í maga þar sem Ágúst hafi legið í jörðinni. Ákærði Jón Trausti hafi reyndar sett fót ofan á höfðu Ágúst og kastað af sér þvagi yfir hann. Ágúst kvaðst hafa orðið mjög hræddur. Ákærði Jón Trausti hafi

að öðru leyti á meðan staðið hjá aðgerðalaus og ekki ráðist á Ágúst. Ágúst kvað rangt í kæruskýrslu að hann hafi verið sleginn með billjardkjuða þetta sinn. Ágúst kvaðst hafa skammast sín fyrir að hafa verið laminn af einum manni og því jafnan sagt að ákærðu hafi báðir ráðist á sig þegar hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Hafi skýrslan verið röng að því leyti til. Kvaðst Ágúst hafa mætt á lögreglustöð til að draga kærú á hendur ákærðu til baka. Þá bar Ágúst Fannar að ráðist hafa verið á sig að kvöldi þriðjudagsins 8. ágúst 2006. Þar hafi verið veist „hressilega“ að Ágústi. Þeir áverkar sem lögregla hafi séð á Ágústi er hún hafi mætt á svæðið séu áverkar er Ágúst hafi fengið í þeim slagsmálum. Í því tilviki hafi hann verið að skemmta sér í miðbæ Reykjavíkur. Þar hafi hann gert sér dælt við stúlkuna. Kærasti hennar hafi orðið full. Er hann hafi yfirgefið skemmtistað þar sem þetta hafi farið fram hafi fjórir drengir elt Ágúst. Hafi þeir síðan veist að honum og lamið Ágúst illa. Honum hafi m.a. verið slengt í vegg og sparkað í líkama hans. Engin vitni hafi verið að þessum atburðum. Árásin hafi átt sér stað á Hverfisgötu. Ágúst hafi ekki lagt fram kærú vegna þess atburðar.

Einar Þorsteinsson gaf skýrslu hjá lögreglu fimmtudaginn 10. ágúst 2006. Kvaðst hann hafa verið í sambandi við ákærða Ingvar Búa um kl. 18.00 til 18.30 að kvöldi miðvikudagsins 9. ágúst 2006. Hafi ákærði sagt að hann þyrfti að hitta mann í Reykjavík sem væri að gera fjölskyldu ákærða lífið leitt. Hafi ákærði sagt að maðurinn væri kallaður Fannar. Hafi Einar ákveðið að slást í för með ákærða, enda hafi Einar ekkert sérstakt haft að gera þetta kvöld. Hafi Einar talið að ákærði ætlaði einungis að ræða við umræddan Fannar. Ákærði hafi sagt að ákærði Jón Trausti myndi einnig slást í för með þeim. Einar hafi farið með ákærða Ingvari í bifreið til Reykjavíkur, en þeir hafi verið í Reykjanesbæ. Þar sem ákærði Ingvar hafi ekki verið með á hreinu hvar umræddur Fannar væri til húsa hafi ákærði hringt í barnsmóður Fannars til að fá heimilisfang hans uppgefið. Samkvæmt því hafi Fannar átt að vera í yfirgefni skemmu við hlið verslunarinnar 10/11 á Hverfisgötu. Þeir félagar hafi síðan hitt ákærða Jón Trausta. Þeir hafi í kjölfarið gengið þrír saman að húsnæðinu við Hverfisgötu. Er þeir hafi komið að húsnæðinu hafi þeir þrír gengið þar inn og ákærðu báðir beðið Einar um að gæta að hurðinni til að passa að enginn færi þar út. Í húsnæðinu hafi verið talsvert af ungmennum. Hafi Einar þá verið farinn að hafa áhyggjur af málinu. Ákærðu hafi farið um húsnæðið til að leita að Fannari en Einar ætlað að elta þá. Hafi þeir þá sagt honum að koma sér til baka til að gæta hurðarinnar. Hafi Einar gert það. Umræddur Fannar hafi þá komið gangandi en eitthvað af ungmennunum verið farin að ókyrrast og verið á leið út. Ákærði Ingvar hafi þá sagt Fannari að bíða og spurt hann hvernig stæði á því að hann væri að hótta fjölskyldu ákærða. Fannar hafi borið það af sér. Fannar hafi jafnframt sagt að systir vinkonu ákærða Ingvars væri í húsinu og gætu ákærðu einfaldlega rætt við hana um þessa hluti. Kvaðst Einar hafa ætlað að fara að ræða við stúlkuna, en hún ekki viljað ræða við hann. Hafi ákærði Ingvar þá rætt við hana. Eftir það samtal hafi ákærði Ingvar gengið upp að Fannari, rífið í hann og spurt hann að því hvort eitthvað tiltekið væri rétt. Ákærði Ingvar hafi síðan tekið í Fannar og hent honum upp að vegg. Einar kvaðst þá hafa litið undan og ekki viljað horfa á það sem gerðist. Hafi hann upplifað það þannig að ákærði Jón Trausti og ákærði Ingvar væru að lemja á Fannari. Er Einar hafi litið næst í átt að þeim hafi Fannar legið í gólfinu sem hafi verið þakið glerbrotum. Hafi hann verið hreyfingalaus. Fannar hafi þá verið marinn og alblóðugur. Eftir þetta hafi þeir þremmingar gengið út á Hverfisgötu og haldið saman niður að klúbbhúsi. Lögregla hafi handtekið þá skömmu síðar.

Fyrir dómi bar Einar að hann hafi verið beðinn um að passa upp á hurð húsnæðisins og gæta að því að enginn færi út eða inn. Hafi ákærðu verið báðir að ræða við umræddan dreng á meðan Einar hafi verið að ræða við stúlku á svæðinu. Hafi ákærði Ingvar veist að drengnum og fleygt honum í vegg. Þá hafi Einar litið undan. Kvað hann ákærða Jón Trausta ekki hafa átt hlut að máli umrætt sinn. Einar kvaðst hafa verið undir álagi vegna vinnu sinnar er hann hafi gefið lögregluskýrslu vegna málsins. Hafi hann því borið með þeim hætti er hann gerði. Hafi hann einn haft með höndum rekstur tiltekins fyrirtækis og viljað losna sem fyrst úr yfirheyrslu. Einar kvaðst ekki hafa séð neinn nota barefli í húsnæðinu.

Heidi Holm Pedersen kvaðst hafa verið í húsnæðinu við Hverfisgötu þetta kvöld. Hafi hún verið þar með vinkonum sínum. Um 15 mínútum eftir að hún hafi verið komin inn í húsið hafi þrír menn komið þar að. Hafi þeir farið að berja á Ágústi, en einn þeirra staðið við dyrnar til að hleypa fólki út. Kvaðst Heidi þá hafa farið og hringt á lögreglu. Mennirnir hafi lamið á Ágústi í um þrjár mínútur á meðan hún hafi verið inni í húsnæðinu en í um 10 mínútur eftir að hún hafi verið farin út. Hafi þeir strax byrjað að berja á Ágústi er þeir hafi komið inn. Annar mannanna hafi lamið hann með höndum, kýlt hann og hent höfði hans upp að veggnum. Hinn maðurinn hafi lamið hann með billjardkjuða. Maðurinn sem hafi lamið Fannar með hnefa hafi verið í leðurvesti, svörtum leður- eða gallabuxum og í svartri eða rauðri peysu. Kvaðst hún ekki viss um hvort hann hafi verið krúnurakaður en þybbinn í andliti. Sá sem lamið hafi Ágúst með billjardkjuðanum hafi verið síðhærður með brúnt sitt hár í tagli niður á mitt bak. Kvaðst Heidi viss um að tveir menn hafi lamið Ágúst Fannar þetta kvöld. Staðfesti Heidi að hafa farið í myndsakbendingu hjá lögreglu og að hafa þar borið kennsl á árásarmennina. Kvaðst Heidi vera glögg á andlit.

Magný Þórisdóttir kvaðst hafa farið í miðbæ Reykjavíkur miðvikudaginn 9. ágúst 2006. Hún og vinkona hennar, Katrín Rut Jóhannesdóttir, hafi farið á Hlemm og þaðan í hús við Hverfisgötu þar sem Ágúst Fannar hafi búíð. Eftir að hafa verið í húsnæðinu í um 5 mínútur hafi komið að þrír menn. Hafi einn þeirra spurt Ágúst Fannar hvort hann væri nefndur maður og hafi Ágúst játað því. Tveir mannanna hafi þá ráðist á Ágúst að fyrra bragði og þeir byrjað að lemja hann með einhvers konar priki og með krepptum hnefum í andlitið og magann þannig að blætt hafi úr Ágústi. Mennirnir tveir hafi lamið höfði Ágústs upp við vegginn. Þriðji maðurinn hafi ekki tekið neinn þátt í að lemja Ágúst. Hafi hún séð atburðarásina alla. Þegar þetta hafi gengið á hafi hún verið á efri hæð hússins og fylgst með. Hafi hún síðan farið út á verönd en séð atburðarásina inn um hurð. Hafi hún svo farið aftur inn er árásarmennirnir hafi farið. Eftir um fimm til tíu mínútur hafi mennirnir gengið út, en Ágúst þá staðið upp við vegg og haldið um magann á sér. Þá hafi hann verið blóðugur í framan. Hafi hún þekkt annan mannanna sem ákærða Ingvar Búa, en hafa heyrt á vettvangi hinn nefndan Jón Trausta.

Katrín Rut Jóhannesdóttir kvaðst hafa farið í bæinn ásamt Magný Þórisdóttur. Kvaðst Katrín hafa ætlað að hitta vin sinn Ágúst Fannar. Ágúst hafi hleypt þeim inn í húsnæði þar sem hann hafi dvalið. Hafi þær síðan farið upp á aðra hæð hússins. Eftir stutta stund hafi Ágúst farið niður á neðri hæð þar sem hann hafi heyrt einhverja koma inn í húsið. Hafi Ágúst óttast að húseigandinn væri kominn. Stuttu síðar hafi hún heyrt hávaða koma frá neðri hæðinni. Hafi hún athugað hvað væri í gangi. Hafi hún þá séð hvar þrír menn hafi verið að ráðast á Ágúst Fannar.

Þegar hún hafi séð til hafi Ágúst legið í gólfinu á hlið og einn eða tveir árársarmannanna verið að berja á honum með einhvers konar barefli. Mennirnir hafi síðan fari út úr húsinu.

Lögreglumennirnir Jón Viðar Arnþórsson og Kristján Friðþjófsson komu fyrir dóminn og staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins.

Niðurstaða:

Ákærði Ingvar Búi krefst frávísunar málsins frá dómi á þeim grundvelli að kæra í málinu hafi verið dregin til baka, en brot ákærða eigi í besta falli undir 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði er málsókn út af brotum á 217. gr. opinber og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess. Því hefur margsinnis verið slegið föstu af dómstólum að það er ákærvald sem hefur mat um það hvort til málshöfðunar komi á grundvelli þessarar heimildar. Verður frávísunarkröfu ákærða því hafnað.

Ákærði Jón Trausti neitar sök. Kveðst hann í engu hafa valdið Ágústi Fannari áverkum að kvöldi miðvikudagsins 6. september 2006 í húsnæði við Hverfisgötu 85-87. Hann hafi verið áhorfandi að því er meðákærði hafi tekið í Ágúst Fannar. Ákærði Ingvar Búi hefur viðurkennt að hafa valdið Ágústi Fannari áverkum þetta kvöld, en hann hafi lamið hann með hnefa þrjú til fjögur högg og sparkað í Ágúst þar sem Ágúst hafi legið liggjandi tvö til þrjú spörk. Þau hafi öll komið í bók Ágústs. Ákærði kveður háttsemi sína ekki eiga undir 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, heldur 1. mgr. 217. gr. sömu laga.

Í máli þessu liggur fyrir framburður fjölmargra vitna. Er fyrst til að telja að brotþoli gaf í tvígang skýrslu hjá lögreglu og síðan aftur fyrir dómi. Hefur framburður hans í öllu verulegu sætt breytingum. Er hann gaf skýrslu hjá lögreglu við kæru bar hann að ákærðu hafi báðir gengið í skrokk á sér með höggum og spörkum. Er enginn vafi á því að þar bar hann ákærðu báða sökum. Lýsti hann því jafnfram að hann hafi verið laminn með billjardkjuða og fleiri áhöldum. Allt hafi þetta endað með því að ákærði Jón Trausti hafi kastað af sér þvagi yfir hann. Fannar dró kæru sína til baka síðar og bar því þá við að hann hefði fyrirgefið ákærðu en ákærði Jón Trausti hafi beðið sig fyrirgefningar. Við það hefur ákærði Jón Trausti ekki viljað kannast. Hér fyrir dómi er framburður Ágústs nú á þann veg að það hafi einungis verið ákærði Ingvar Búi er hafi veitt honum áverka en ekki ákærði Jón Trausti. Hafi sér fundist ekki nægjanlega karlmannlegt að hafa verið laminn af einungis einum manni. Þá ber hann því nú við að hann hafi kvöldið fyrir þennan atburð orðið fyrir líkamsárás í miðbæ Reykjavíkur sem hafi að mestu leyti valdið þeim áverkum er í ákæru greinir. Eigi það m.a. við um blóð er fram kemur í frumskýrslu lögreglu að lögreglumenn hafi tekið eftir í andliti Ágústs á vettvangi.

Til þess er að líta að vitni voru á staðnum sem borið hafa um þessi atvik með skýrum hætti. Eru það einkum vitnin Heidi Holm Pedersen, Magný Þórisdóttir og Katrín Rut Jóhannsdóttir. Bæði Heidi og Magný fullyrða að þær hafi séð ákærðu báða ganga í skrokk á Ágústi Fannari með hnefahöggum, spörkum og með því að

slá hann með priki sem hafi brotnað við atganginn. Er þar ótvírætt um billjardkjuða að ræða, en leifar af honum fundust á vettvangi eftir atlöguna, auk þess sem billjardkjuði hefur af öðrum vitnum í málinu verið nefndur til sögunnar. Staðhæfa þær óhikað að ekkert hafi hindrað þær í að sjá þessa atburði. Var framburður Heidi Holm einkar skýr um þessi atriði, en hún lýsti af nokkurri nákvæmni þætti hvors ákærðu um sig. Þá hefur Katrín Rut greint frá því að þrír menn hafi ráðist á Ágúst Fannar. Þá nýtur við framburðar Einars Þorsteinssonar hjá lögreglu sem var ítarlegur og verður ekki skilinn með öðrum hætti en að ákærðu hafi báðir gengið í skrokk á Ágústi Fannari. Er framburður Einars fyrir dómi annar og nærri framburði ákærðu. Þegar Ágúst Fannar kom fyrir dóminn var honum augljóslega órótt. Þegar virtir eru eindregnir framburðir vitnanna Heidi Holm, Magnýjar og Katrínar í málinu, hliðsjón höfð af framburði Ágústs Fannars um ætlaða árás frá þriðjudeginum sem enginn hefur getað staðfest og sætti ekki kærú til lögreglu, litið er til fráleitra skýringa Ágústs Fannars á alblóðugu andliti sínu að kvöldi miðvikudagsins og miðað við skýra frásögn Ágústs Fannars af atburðum er hann ræddi við lögreglu á vettvangi, sem og er hann lagði fram kærú, þykir dómnum hafið yfir allan vafa að Ágúst Fannar hafi dregið kærú sína til baka og hagrætt framburði sínum fyrir dómi af ótta við ákærðu. Er slíkt samræmi nú með ákærðu og Ágústi um fjölda högga og annað í tengslum við árásina að augljóst er að honum hafa verið lögð orð í munn. Í þessu ljósi verður framburði Ágústs Fannars fyrir dómi alfarið hafnað og miðað við framburð hans hjá lögreglu, sem samrýmist öðrum framburðum vitna í málinu og sakargögnum að öðru leyti. Ákærðu og Einar Þorsteinsson hafa gefið misvísandi frásagnir í málinu. Dregur það mjög úr trúverðugleika framburðar þeirra. Með vísan til þessa telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafi í félagi ráðist á Ágúst Fannar og veitt honum þá áverka sem í ákærú greinir, en þeir eru í samræmi við læknisvottorð sem greinir frá áverkum er Ágúst Fannar var með daginn eftir atlöguna. Er sannað að þeir hafi veitt ákærða áverkana með hnefahöggum og spörkum og með því að slá hann með billjardkjuða, en bæði læknisvottorð og frumskýrsla lögreglu bera ótvírætt með sér að Ágúst Fannar hafi hlotið áverka með bareflum. Þar sem ákærðu veittust í félagi að Ágústi verður ekki skilið frekar á milli þáttar hvors um sig. Í ákærú er miðað við að kvarnast hafi upp úr tönn á Ágústi við atlöguna. Ekki kemur fram í læknisvottorðinu hvort hér sé um nýtt brot að ræða. Verður ekki talið sannað að kvarnast hafi upp úr tönn á Ágústi við atlögu ákærðu. Við mat á því hvort háttsemi fellur undir 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940 eða 1. mgr. 218. gr. sömu laga hafa dómstólar litið til afleiðinga árásar. Þeir áverkar er Ágúst Fannar hlaut af atlögunni eru slíkir að á undir 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940. Að því gættu verða ákærðu sakfelldir samkvæmt ákærú.

Ákæra 23. október 2006.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá fimmtudeginum 7. september 2006 voru lögreglumenn þann dag kl. 14.36 við hraðamælingar á Sæbraut á vegarkafli að Súðarvogi. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var þá mældur hraði bifhjóls af gerðinni Harley Davidson, með skráningarnúmerið ZG-944. Mældist hraðinn 116 km á klst. Skráður eigandi bifhjólans og ökumaður var ákærði Jón Trausti Lúthersson. Fram kemur að hámarkshraði á vegarkafnum hafi verið 60 km á klst. Í vettvangsskýrslu sem rituð hefur verið vegna málsins kemur fram að dagsbirta hafi verið, sólskin og þurr. Ratsjá hafi verið prófuð bæði fyrir og eftir mælingu.

Vettvangsskýrslan ber með sér að ákærði hafi neitað að undirrita skýrsluna. Undir skýrsluna rita lögreglumennirnir Guðrún Árnadóttir og Anna Óskarsdóttir.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með sektargerð sem dagsett er 22. september 2006 og liggur frammi í málinu. Samkvæmt skjali er varðstjóri hefur ritað var haft samband við ákærða og hann inntur eftir afstöðu til sektargerðarinnar. Kemur fram að ákærði hafi ekki viljað fallast á þá niðurstöðu málsins og óskað eftir að málið kæmi fyrir dóm.

Fyrir dómi kvaðst ákærði kannast við að hafa verið á ferð á bifhjóli umræddan dag og að lögreglumenn hafi haft afskipti af akstri hans. Ákærði kvað sér ekki hafa verið sýndur mældur hraði á ratsjá. Kvaðst ákærði hafa neitað því að hafa ekið bifhjólinu á þessum hraða. Hafi hann ekið hjólinu á umferðarhraða, sennilega á um 60 km hraða á klst. Hafi tvær bifreiðar verið fyrir framan ákærða og ein til hliðar er lögreglumenn hafi mælt ökuhraða ákærða.

Anna Ólafsdóttir staðfesti að hafa mælt ökuhraða ákærða umrætt sinn. Lögreglumenn hafi notast við ratsjá við hraðamælinguna. Hafi tækið verið prófað bæði fyrir og eftir mælinguna. Umrædd ratsjá væri með lasergeisla sem beindist að ákveðnum hlut. Væri útilokað að annar hlutur en bifhjól ákærða hafi verið mælt greint sinn. Þá bar Anna að sá lögreglumaður sem hafi verið með henni við mælingu þennan dag hafi sýnt ákærða mældan hraða á vettvangi.

Guðrún Árnadóttir kvaðst hafa starfað við ratsjarmælingar við Súðavog þennan dag. Hraði ákærða hafi verið mældur þar sem hann hafi ekið bifhjóli. Hafi akstur hans verið stöðvaður í framhaldinu. Ekki hafi hann viðurkennt brot sitt hjá lögreglu. Umrædd ratsjá hafi verið prófuð bæði fyrir og eftir mælingu. Ekki væri mögulegt að annað farartæki en bifhjól ákærða hafi verið mælt þetta sinn. Sé lasermið notað við mælinguna sem miði á tiltekið ökutæki. Kvaðst Guðrún hafa haldið á tækinu þegar þessi mæling hafi átt sér stað.

Niðurstaða:

Ákærði neitar sök. Hefur hann fullyrt að hann hafi greint sinn ekið um Sæbraut á 60 km hraða á klst. Lögreglumenn þeir er stóðu að mælingu á hraða ákærða komu fyrir dóminn. Lýstu þeir aðferðum lögreglu við hraðamælinguna og hvernig ratsjain hafi verið prófuð bæði fyrir og eftir mælingu. Að mati dómsins er ekkert það komið fram sem veikir hraðamælingu lögreglu. Með vísan til samhljóða framburða lögreglumannanna, sem og lögregluskýrslna er frammi liggja í málinu, er sannað að ákærði hafi umrætt sinn ekið bifhjóli með skráningarnúmerið ZG-944 um Sæbraut með 112 km hraða á klst. þar sem hámarkshraði á vegi var 60 km á klst. Með vísan til þess verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru.

Ákærði Jón Trausti er fæddur í apríl 1976. Var hann 6. júlí 2005 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði Ingvar Búi er fæddur í maí 1974. Hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot, svo kunnugt sé.

Háttsemi ákærðu sem fólst í þeirri atlögu er að framan er lýst var fólkskuleg. Sammæltust þeir fram um að fara að Ágústi Fannari. Allur aðdragandi og framferði ákærðu ber þess merki að þeir hafi verið búnir að ákveða að þriðji maður myndi tryggja að þeir gætu tveir afskiptalaust gengið í skrokk á Ágústi. Ákærðu og Ágúst Fannar komu fyrir dóminn. Eru ákærðu miklir á velli og stendur Ágúst Fannar þeim talsvert að baki hvað líkamlega burði varðar. Í því ljósi er ljóst að ákærðu sóttu að Ágústi með ofurefli liðs og mikla líkamsburði. Þá var atlagan slík að hún sýndi vægðarleysi og hrottaskap. Ákærði Jón Trausti á að baki refsisdóm þar sem hann var sakfelldur fyrir að ryðjast inn á ritstjórn blaðs og ganga þar í skrokk á ritstjóra þar sem hann var ósáttur við umfjöllun viðkomandi fjölmiðils. Sýnir þetta svo ekki verður um villst að ákærði er ofbeldisfullur einstaklingur. Samkvæmt 218. gr. a laga nr. 19/1940 hefur fyrri líkamsárásardómur ákærða ítrekunaráhrif á það brot sem hér er dæmt um. Er refsing hans, að teknu tilliti til 2. mgr. 70. gr. og 77. gr. laga nr. 19/1940, ákveðin fangelsi í 18 mánuði, sem engu leyti verður bundið skilorði. Ákærði Ingvar Búi nýtur þess að eiga engan sakaferil að baki. Er refsing hans, að teknu tilliti til 2. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, ákveðin fangelsi í 12 mánuði, sem ekki verður bundið skilorði.

Ákærði Jón Trausti hefur unnið sér til ökuréttarsviptingar með háttsemi sinni samkvæmt ákæru 23. október 2006. Með vísan til lagaákvæða í ákæru verður ákærði sviptur ökurétti í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Ekki liggur frammi yfirlit um sakarkostnað í málinu. Jón Egilsson héraðs dómslögmaður annaðist verjandastörf fyrir ákærða Jón Trausta á rannsóknarstigi málsins. Greiði ákærði 56.025 krónur í þóknun til lögmannsins fyrir þau verjandastörf og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá annaðist Björgvin Jónsson hæstaréttarlögmaður verjandastörf á rannsóknarstigi fyrir ákærða Ingvar Búa. Greiði ákærði 77.688 krónur í þóknun til lögmannsins fyrir þau verjandastörf og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærðu greiði auk þess málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, að teknum tilliti til virðisaukaskatts, með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir fulltrúi lög reglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Trausti Lúthersson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði, Ingvar Búi Halldórsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði Jón Trausti er sviptur ökurétti í 1 mánuð frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði Jón Trausti greiði 509.205 krónur í sakarkostnað, þar með talin máls varnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 453.180 krónur.

Ákærði Ingvar Búi greiði 401.388 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar héraðsdóms lögmanns, 323.700 krónur.

Símon Sigvaldason.